

Stofnanasamningur
Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
við Félag háskólakennara

Forsendur röðunar starfa við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
samkvæmt ákvæðum kjarasamnings Félags háskólakennara og
fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 12. apríl 2023.

1. KAFLI
Almennar forsendur

1.1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags háskólakennara hins vegar, dags. 12. apríl 2023. Samningurinn nær til allra starfsmanna Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

1.2 Röðun starfa í launaflokka

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Starfslýsingar endurskoðast árlega.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

- Störf rannsóknaraðjúnkta, rannsóknarlektora, rannsóknardósentna og rannsóknarprófessora með rannsóknarskyldu eru metin til stiga samkvæmt samræmdu Matskerfi opinberra háskóla. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 2. kafla.
- Stjórnslu-, þjónustu- og sérfræðistörf sem ekki er ráðið í á grundvelli akademísku hæfis eru metin til stiga samkvæmt starfs- og hæfnismati. Um röðun þeirra í launaflokka er fjallað í 3. kafla.

1.3 Álag vegna tímabundinna þátta

Heimilt er að greiða álag ofan á dagvinnulaun þegar umfang/ábyrgð starfs breytist tímabundið vegna sérstakra verkefna. Næsti yfirmaður og viðkomandi starfsmaður skulu gera með sér samkomulag þar sem fram kemur hvaða ástæður liggi að baki álagsgreiðslum, kveðið er á um álagsprósentuna og það tímabil sem um ræðir. Við lok tímabilsins fellur álagið niður án fyrirvara. Álagsgreiðslur koma ekki í staðinn fyrir yfirvinnu.

Dæmi um greiðslu tímabundins álags vegna sérstakra verkefna, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu starfs:

- Verkefnastjórnun nýrra tímabundinna verkefna.
- Starf í tímafrekum nefndum eða starfshópum á vegum stofnunar.
- Aukið álag vegna veikinda eða tímabundinna fjarvista samstarfsmanna.
- Starfsmönnum einingarinnar fækkar tímabundið.

OKP 12

1.4 Forsendur launaröðunar og rökstuðningur

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirbyggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar Fh og Árnastofnunar, skv. 11. kafla kjarasamnings Félags háskólakennara við fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs.

2. KAFLI

Rannsóknaraðjúnkt, rannsóknarlektorar, rannsóknardósentar og rannsóknarprófessorar *launatafla akademískra nr. 696 (A)*

2.1 Forsendur röðunar starfa við rannsóknir.

Um er að ræða störf rannsóknaraðjúnkta, rannsóknarlektora, rannsóknardósentar og rannsóknarprófessora. Við mat á störfum til stiga og röðun í launaflokka skal fylgja þeim reglum og samningum sem gilda hverju sinni um akademíska starfsmenn HÍ, aðjúnkta, lektora, dósentar og prófessora. Með rannsóknnum er hér átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

2.2 Starfsskyldur akademískt ráðinna starfsmanna

Starfsskyldur starfsmanna sem eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptast í rannsóknir, stjórnun og önnur störf. Um vægi starfspáttar og undantekningar frá almennum starfsskyldum fer samkvæmt reglum sem Félag háskólakennara og stofnunin koma sér saman um og hlotið hafa samþykki húspings. Starfsskyldur rannsóknaraðjúnkta felast í þjónusturannsóknnum 65%, eigin rannsóknnum 31% og stjórnun 4%. Um ákvarðanir um rannsóknarleyfi akademískt ráðinna starfsmanna gilda fyrri reglur.

2.3 Framgangur í efra starfsheiti

Þegar sótt er um framgang í efra starfsheiti tekur framgangur gildi næstu mánaðamót eftir að forstöðumaður hefur tekið við umsókn og staðfest að hún sé studd fullnægjandi gögnum sem nægja til framgangs.

2.3.1 Framgangur rannsóknarlektors í starf rannsóknardósentar

Rannsóknarlektor á rétt á að fá framgang í starf rannsóknardósentar ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum Háskóla Íslands.

2.3.2 Framgangur rannsóknardósentar í starf rannsóknarprófessors

Rannsóknardósent á rétt á að fá framgang í starf rannsóknarprófessors ef dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda og hann fullnægir skilyrðum sem fram koma í framgangsreglum Háskóla Íslands.

2.4 Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa rannsóknaraðjúnkta,

rannsóknarlektora, rannsóknardósentu og rannsóknarprófessora á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfspáttu skv. rannsóknarskýrslu, sbr. matskerfi opinberra háskóla. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma.

2.5 Rannsóknaraðjúnktar, rannsóknarlektorar, rannsóknardósentar og rannsóknarprófessorar

Rannsóknaraðjúnktar, rannsóknarlektorar, rannsóknardósentar og rannsóknarprófessorar raðast í launaflokka eins og fram kemur í töflum 2.1 og 2.2 og eru stig metin samkvæmt Matskerfi opinberra háskóla.

2.5.1 Launaröðun rannsóknaraðjúnkta, rannsóknarlektora, rannsóknardósentu

Röðun rannsóknaraðjúnkta, rannsóknarlektora, rannsóknardósentu í launaflokka akademískrar launatöflu er eins og sýnt er í töflu 2.1,

Tafla 2.1 Launaröðun rannsóknaraðjúnkta, rannsóknarlektora, rannsóknardósentu

40%	60%+	Heildarstig	Röðun
Rannsóknarstig		<200	L06-1
		200-250	L08-0
135	155	250	L09-0
270	320	375	L10-0
335	410	500	L11-0
400	500	625	L12-0
475	600	750	L13-0
550-	720	900	L14-0
650	840	1050	L15-0
750	960	1200	L16-0
1000	1280	1600	L17-0
1500>	1600>	2000>	L18-0

Tafla 2.2. Launaröðun rannsóknarprófessora

40%	60%+	Heildarstig	Röðun
Rannsóknarstig		200-250	L08-1
135	155	250	L09-1
270	320	375	L10-1
335	410	500	L11-1
400	500	625	L12-1
475	600	750	L13-1
550-	720	900	L14-1
650	840	1050	L15-1
750	960	1200	L16-1
1000	1280	1600	L17-1
1500>	1600>	2000>	L18-1

2.5.2 Röðun í launaprep.

Röðun í launaprep 0 -8 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E F og G hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 2.3. Röðun í launaprep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 2.3, kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

GPP 32

Tafla 2.3 röðun í launabrep

	Launabrep							
Rannsóknaraðjunktur- -lektorar og -dósentar	0	1	2	3	4	5	6	7
Rannsóknarprófessorar	1	2	3	4	5	6	7	8
	<50	50	100	150	300	450	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa rannsóknaraðjúnkta, rannsóknarlektora, rannsóknardósentar og rannsóknarprófessora á milli launaflokka og launabrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknarskýrslu, sbr. matskefi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk- og/eða launabrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á rannsóknarstig.

2.5.3 Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launabrep

Stofnanasamningur þessi miðast við matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift sammingsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. tölum 2.1, 2.2 og 2.3 endurskoðaðar af aðilum sammingsins.

2.6 Vinnuskylda við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

1. Vinnuskylda á ársgrundvelli minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.
2. Þröskuldur vinnumatssjóðs vegna rannsókna lækkar hlutfallslega.
3. Þjónustustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.
4. Um vinnu við kennslu og leiðbeiningu við skrif lokaritgerða vísast í samstarfssamning stofnunarinnar og HÍ.

2.7 Nýdóttarar

Þau sem ráðin eru í fullt rannsóknarstarf nýdóttara á sérsviði sínu eiga kost á að fá störf sín metin samkvæmt matskerfi opinberu háskólanna og raðast þá til launa samkvæmt töflu 2.1. Lágmarksröðun nýdóttara er í L06-1, nýdóttarar raðast ekki í launabrep sbr. töflu 2.3.

3. KAFLI

Starfsfólk við stjórnarsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf almenn launatafla nr. 695 (S)

3.1 Röðun starfa í launaflokka

Stjórnarsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf eru metin til stiga samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi 1. Við röðun starfa samkvæmt starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni

¹ Handbók um starfsmatskerfið SKREF má finna á heimasíðu Félags háskólakennara og í Starfsmannahandbók Árnastofnunar

Launaröðun starfsfólks í stjórnsýslu byggir á þremur þáttum, starfinu sjálfu, starfsmanninum sjálfum og uppsafnaðri starfsreynslu hjá Árnastofnun.

3.1.1 Starfið sjálft (starfsmat)

Grunnröðun starfa í launaflokka er í samræmi við starfsmat. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi. Mat á starfi, ábyrgð og umfangi þess er framkvæmt af starfsmannasviði eftir starfslýsingu og nánari upplýsingum um starfið frá næsta yfirmanni þess. Nauðsynlegt er að starfslýsing liggja fyrir þegar ráðið er í starf.

3.1.2 Starfsmaðurinn sjálfur (menntun og reynsla)

Mat á einstaklingnum sem sinnir starfinu sjálfu er persónubundið mat á reynslu og menntun starfsmanns. Stigakvarðinn við mat á menntun er skilgreindur eftir lengd náms. Reynsla sem gerð er krafa um í auglýsingu er metin sem og viðbótarstarfsreynsla ef við á.

3.2 Launaröðun

Launaröðun samkvæmt starfs- og hæfnismati er eins og sýnt er í töflu 3.1. Röðunin byggist á samanlögðum stigum úr starfs- og hæfnismati.

Tafla 3.1. Launaröðun þeirra er falla undir SKREF frá dagsetningu samnings.

Heildar		
Stig	Lft	þrep
<300	05	6
335	06	6
370	07	6
400	08	6
450	09	6
500	10	6
535	11	5
575	11	6
600	12	5
625	12	6
650	13	5
675	13	6
700	14	5
725	14	6
750	15	5
775	15	6
800	16	5
850	17	5
900	18	5
950	19	5
1000>	20	5

3.3 Mat á menntun

Mat á menntun fer skv. 3. kafla handbókar SKREFs og er eftirfarandi en miðað er við hæstu menntunargráðu:

Gráða	Stig
Háskólapróf BA/BS – 180 ECTS einingar	95
Háskólapróf BA/BS – 240 ECTS einingar	125
Háskólapróf MA/MS/viðbótarmenntun - 120 ECTS einingar	180
Starfið krefst menntunar á tveimur sviðum	180
Doktorspróf	250

Annað nám og símenntun: Stakar einingar sem ekki hafa verið metnar í formlegu háskólanámi. Hverjar 10 einingar eru metnar til 2 stiga, allt að 90 einingum eða mest 18 stig. Stök námskeið sem gefin eru upp í stundum má safna saman og meta til stiga. Að jafnaði skal ekki meta eldri námskeið en 10 ára.

Starfsnám/símenntun:

Nám allt að 60 klst.	2 stig
Nám allt að 120 klst.	4 stig
Nám allt að 200 klst.	8 stig

Endurskoðun á starfaflokkunarkerfi stendur yfir og skal vinnu við nýtt kerfi vera lokið fyrir árslok 2025, þangð til verður tekið mið af SKREFi.

3.4 Starfsheiti

Starfsheiti háskólamenntaðra starfsmanna hjá Stofnun Árna Magnússonar, í íslenskum fræðum, sem raðast í launaflokka á grundvelli starfs- og hæfnismats eru eftirfarandi:

Sviðsstjóri	Verkefnastjóri
Sýningarstjóri	Skjalastjóri
Vefstjóri	Ljósmyndari
Bókasafnsfræðingur	Ritstjóri
Prófarkalesari	Safnkennari

Þessi listi er ekki tæmandi og heimilt er að nota önnur starfsheiti ef þau eru lýsandi fyrir starfið.

4. KAFLI

Nemendur

almenn launatafla nr, 695 (S)

Meistara- og doktorsnemar eru nemendur að aðalstarfi, störf þeirra með námi eru að öllu jöfnu fjármögnuð af styrkjum eða sjálfsaflafé sem setur launasetningu skorður. Tryggt sal þó að röðun þeirra verð ekki lægri en launaflokkar 2 og 3. Við ráðningu skal meta starfshlutfall og/eða ráðningartíma m.t.t. fjárhæðar styrksins.

Lágmarksröðun:

Meistararnemar: 020

Doktorsnemar: 030

Samningur þessi gildir frá 1. mars 2024

Reykjavík 20. mars 2024

Fyrir hönd
Félags háskólakennara

Balk Einar
Allygnirinnatrymnd.
Hauður Jónsdóttir

Fyrir hönd
Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Guðný Rosa Þorvaldardóttir
Jónna Þorvaldsson